

Sviðsstýra Framkvæmda- og eignasviðs
Ellý Katrín Guðmundsdóttir
Skrifstofur Reykjavíkur
Reykjavík

Ágæta sviðsstýra Ellý Katrín Guðmundsdóttir.

Pakka bréf þitt dagsett 16. apríl 2010 sem mér barst samdægurs. Í bréfinu er mér fyrirvaralaust gert að fjarlægja muni utan lóðar minnar eigi síðar en kl. 9 mánudaginn 19. apríl n.k. Sem sé, mér er gefinn einn virkur dagur til að ráðast í aðgerðir sem þarf meiri tíma til, aðgerðir sem ég tel lögleysu, eins og ég mun nánar skýra hér á eftir. Málefni lóðar minnar og nágrennis hennar hafa verið í ákveðnum farvegi um margra ára skeið og boltinn er þar hjá borgaryfirvöldum og hefur verið það frá því haustið 2007. Það kemur mér því algerlega í opna skjöldu að fá bréf þitt, auk þess sem ég tel að þær aðgerðir sem boðaðar séu standist enga skoðun. Áskil ég mér allan rétt grípi borgin til þeirra aðgerða sem hún hótar, og minni á. að ef það verður gert. er hætt við að menningarsöguleg verðmæti glatist svo af hljótist óbætanlegt tjón.

Nú vil ég rekja forsögu þessa máls, en mér sýnist að mikið vanti á að nægileg þekking sé hjá þeim aðilum sem nú fara með málið.

Ég get út af fyrir sig skilið að við vettvangskönnun fulltrúa framkvæmda - og eignasvið á Laugarnestanganum hafi vaknað spurningar hjá viðkomandi, sérstaklega ef viðkomandi er ekki því betur inni í þeim málum er varða eignina Laugarnestanga 65, - því ekki er allt sem sýnist. Og mannabreytingar hjá borginni og ný nöfn embætta komið til og önnur tekið mörgum breytingu, eða viðkomandi menn í löngum starfsleyfum. Skal það nú skýrt.

Þann 10.12.2003 sendi ég Alfreð Þorsteinssyn forseta borgarstjórnar bréf, að afloknum fundi okkar tveim dögum áður v. Laugarnestangans, en bréfið var skrifað að hans ósk, meginefni bréfsins var að: "Borgin kaupi húsið og taki við rekstri þess," en borgin hafði sóst eftir forkaupsrétti að húsinu og hafði ég rætt það erindi við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þáverandi borgarstjóra. Í framhaldi þessa skrifaði þáverandi borgarlögmaður Hjörleifur B. Kvaran:

Minnisblað til forseta borgarstjórnar dagsett 10. Mars 2006, þar sem segir m.a.; "Ákjósanlegast væri að að mínu mati að kaupa eignina á þeim kjörum sem almennt gerist á fasteignamarkaði". Í framhaldi þessa fékk borgin tvo ólíka fasteignasala til að gera verðmat á eigninni, annarsvegar Eignaval sem skilaði inn verðmati dagsett 25 febrúar 2007 og hins vegar Stórborg Fasteignasölu sem skilaði inn verðmati dagsett 15 mars 2007 (þessi verðmöt eru trúlega til hjá borginni - en eru trúnaðarmál á þessu stigi svo ég læt afrit ekki fylgja). En skjótt skipast veður í lofti í pólitíkinni og hver borgarstjórnin á fætur öðrum hefur hrokkið upp af standinum, og málið því lent í biðstöðu aftur og aftur, - ég átti fund með borgarstjóra Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni 18 júlí 2007 og var þá allt til reiðu, að því hann sagði, til að ganaga frá málinu, - en þá gerðist það óvænta, að Bjarni Ármannsson hjá Glitni, sem var með höfuðstöðvar sínar hérna handan við götuna, hringdi og bauð betra verð fyrir eignina miðað við verðmat fasteignasalanna, - en bæði Vilhjálmur og Glitnir voru fjarri góðu gamni áður en botn komst í þetta mál. Það væri lítill vandi að rekja þessa sögu miklu nánar og tína til ótal bréf og e-meil.

En hvað varðar lóðina sjálfa, leikmyndinrar úr bíómyndunum mínum og þau listaverk er standa nærri húsinu, þá átti ég sérstaklega ágætán fund með tveim starfsmönnum borgarinnar þeim Þórólfi Jónssyni deildarstjóra Garðyrkjusviðs og Sighvati Arnarsyni deildarstjóra á Framkvæmdasviði hér á Laugarnestanganum þann 11 maí 2007 þar sem við skoðuðum og ræddum um eignina og hvernig best væri að snúa sér hvað framtíð hennar varðaði; hvað leikmyndirnar og listaverkin við kæmi. Í framhaldi af því átti ég hér annan fund í Laugarnesinu með tveim öðrum fulltrúm borgarinnar, þeim Hrólfí Jónssyni og Birgi Hlyn Sigurðssyni þann 17 september 2007, - á þeim fundi kom fram áhugi borgarinnar að koma á einhvers konar samkomulagi milli mín og

Reykjavíkurborgar um framtíð eignarinnar. Niðurstaða var sú að Birgir og Hrólfur ætluðu að reyna að finna út úr því. Boltinn hefur síðan verið hjá Borginni. - Til að fyrirbyggja allan misskilning held að rétt sé að slá botn í þennan hluta frásagnarinnar með e-meili sem staðfestir þetta og mér barst eftir fundinn :

From: Hrólfur Jónsson
To: hrafng@isholf.is
Cc: Birgir Hlynur Sigurðsson
Sent: Monday, September 17, 2007 12:37 PM
Subject: Re: frá Hrafni - takk fyrir heimsóknina hingað á Laugarnestangann

Sæll Hrafn og sömuleiðis takk fyrir ánægjulega heimsókn til þín.

Við Birgir Hlynur ákváðum að gefa okkur smá tíma til að láta þetta mál setjast aðeinst til í kollinum á okkur. Næsta skref er að leggja einhverjar tillögur fyrir borgarstjóra varðandi málið. Við höfum öll fyrri gögn í málinu. M.a. álit fyrrverandi borgarlögmans. Ég held að það sé áhugi fyrir hendi að koma á einhvers konar samkomulagi milli þín og Reykjavíkurborgar. Það þarf hins vegar að finna því réttu formerkin og farveginn. Það er okkar Birgis að reyna að finna eitthvað út úr því.
Kveðja,

Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri
Reykjavíkurborg - Framkvæmdasvið
Skúlatúni 2
105 REYKJAVÍK
Sími 411 8000
hrolfur.jonsson@reykjavik.is

Það er því ljóst að ég hef alltaf verið reyðubúinn að semja á þeim formerkjum sem nefnd eru í e-meilinu - og ekki staðið á mér. - Ég hef verið í biðstöðu í rúm 7 ár með hvað borgin hyggðist fyrir. Vegna tíðra mannbreytinga hjá borginni hefur ekki verið auðvelt að fá botn í málið, en ég hef þó gert mitt til að reyna að fá það afgreitt. Snemma þessa árs sendi ég m.a. núverandi borgarstjóra e-meil sem er svo hljóðandi:

To: borgarstjori@reykjavik.is
Sent: Monday, March 01, 2010 3:16 PM

Ágæti borgarstjóri
Hanna Birna Krisjánsdóttir

Þætti vænt um að vita hvort þær tillögur sem þeir Hrólfur Jónsson og Birgir Hlynur Sigurðsson voru að vinna að (sjá e-meil hér að neðan), hafi borist til þín og hver staða málsins varðandi framtíð eignarinnar að Laugarnestanga 65 er áætluð, - og vísa ég þar sérstaklega til álits fyrrverandi borgarlögmans frá 10. mars 2006, þar sem talið er ákjóslegast að Reykjavíkurborg kaupi eignina. Bestu kveðjur
Hrafn Gunnlaugsson
GSM (354) 8960268
hrafng@isholf.is

<http://www.simnet.is/hrafng>

Svar við þessu e-meili hefur ekki borist frá Borgarstjóra, og meðan það

liggur ekki fyrir, hverjar tillögurnar voru, eða verða, til borgarstjóra, er ótækt að Borgin brjóti einhliða gegn þeim fyrirheitum sem finna má í hinu vinsamlega e-meili Hrólfis frá 17. September 2007. Slík einhliða frammkvæmd: "að koma ásýnd borgarlandsins við Laugarnes í viðunandi ástand" eins og segir í bréfi þínu, brýtur gegn öllum meginreglum um eðlileg samskipti og gengur þvert á hinn góða vilja minn að vilja endilega semja við borgina um heilstæða laus, en hef ég marg þrýst á það, og nú nýlega í e-meil til borgarstjóra eins og greint er frá hér að ofan.

Sátt verður að ríkja meðal allra íbúa Laugarnestanga um hvernig skuli unnið að, "að koma ásýnd borgarlandsins við Laugarnes í viðunandi ástand". Það gæti reynst flóknara dæmi, en virðist við fyrstu sýn, og því mikilvægt að ekki verði eyðilögð í ofstop dýrmæt listaverk sem standa við lóðarmörkin. Veði listaverkin skemmd getur komið framm skaðabótakrafa á hendur borginni. Listaverkin sem um er rætt eru m.a. Hið alsjándi auga, eftir hina þekktu kúbönsku jarðvegslistakonu Nailes Díaz Basarak, en jafnframt hefur verið sótt um styrk til Forvarnar- og Framfarasjóðs Reykjavíkur borgar um að láta listakonuna Nailes gera hér minnisvarða um fyrsta femínistann, Hallgerði Langbrók, sem hvílir bein sín hér á Laugarnestanga að sögn Nálassögu, (frétt um listakonuna fylgi hér í ljósriti) Ég hef einlægan og fullan vilja til að leysa þennan ágreining þannig að allir megi vel við una og fjarlægja það sem semst um að fjarlægja þurfi – enda sé þá merktur hver reitur fyrir sig og skráð skýrt hvernig hann á að líta út. Minna má á, að á stríðsárunum, þegar hér var risastór hermennakampur, var allur Laugarnestangi þakinn með rauðamöl, og því djúpt á venjulegum jarðvegi. Og að stærð tjarnanna hér við húsið ræðst öðru fremur af því hversu rignir mikið - í miklum þurrkum hverfa þær nær alveg, en bólgnu út í vatnsveðrum, - það er eðli mýrartjarna og ræð ég því engu um stærð þeyrra frá degi til dags.

- Að lokum þetta: Með samkomulagi sem gert var milli mín og borgarinnar þann 9. Apríl 2003, vegna tíu- milljón-króna sektar sem mér hafði verið dæmd - í framhaldi dómsúrskurðar Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála frá 12. apríl 2002 um að ekki hafi verið gætt jafnræðissjónarmiða varðandi nýtingarhlutfall á lóð minni, - kemur fram ákveðinn skilningur á því að sú kvöð hvíli á þeim leikmyndum úr bíómyndum mínum sem hér standa utan lóðar, - eða eins og segir í samkomulaginu, - "viðbyggingar sem sem reistar hafa verið en ekki samþykktar af byggingaryfirvöldun" skuli fluttar burt verði þess krafist, "en því jafnframt lýst yfir, að Reykjavíkurborg muni ekki láta reyna á þessa kvöð meðan Hrafn Gunnlaugsson er eigandi að Laugarnestanga 65 og býr þar."

Ég vona að andinn í þessum samningi geti orðið okkur leiðarljós við að finna lausn á málinu hvað lóðina sjálfa varðar, leikmyndirnar og listaverkin, sem vonandi verða eign borgarinnar áður en langt um líður.

Þær frammkvæmdir sem rætt er um í bréfinu þínu eru því öðru fremur lagfæringar og viðgerðir, - og þess vegna má eins túlka þær sem listrænt ákall til embættismanna borginnar að stjást niður og semja og ljúka málinu í stað þess að skemmta glymskrattanum með orrahrið. Ég hef ekki annan ávinning af þessu, en njóta þess að horfa á umhverfið verða æ fergurra, og það virðast fleirri deila þeirri ánægju með mér, því hingað koma túristar í rútuformum, flugfreyjufélagið í óvissuferð, leikskólabekkir í vettvangskonun, hópar eldri borgara, svo fátt sé talið - hvort þessi gestagangur er til kominn, vegna þess að ekki margt fyrir löngu, veitti Fréttablaðið mér HRÓSIÐ með eftirfarandi texta: "Hrósið fær Hrafn Gunnlaugsson fyrir hús sitt í Laugarnesi. Eitt af undrum Reykjavíkur. Vel heimsóknarinnar virði". Eins gæti ég forwardað tugum e-meila sem berast frá útlöndum, með mikilli aðdáun á "the recycled house". - En þegar borgin hefur eignast þennan reit er umráðaréttur hennar allur, hvort sem hún kys að halda í leikmyndirnar og skúlptúrana, eða láta þær hverfa.

Góð kveðja - Reykjavík 17. apríl 2010.

Hrafn Gunnlaugsson
GSM (354) 8960268
hrafng@isholf.is
<http://www.simnet.is/hrafng>
<http://www.vikingfilms.net>

post scriptum:

Bréf frá Hrólfi Jónssyni dagsett 1.júlí 2009 kannast ég ekki við að hafa fengið. Þætti því vænt um að fá afrit af því sent.

Að loku eitt meil á Fésbook sem mér þykir vænt um:

slóð: <http://www.facebook.com/group.php?gid=112391335457019&ref=mf>

Aegir Kjartansson: Ég hef í starfi mínu sem ruslakall komið inn í nánast alla garða í Reykjavík og get með sanni sagt að mér þykir garður Hrafns vera leikandi með þeim fegurstu, og séður með barnsauga hreinlega lifandi einhvernvegin, og það er bæn mín að þessi litla og heillandi veröld verði ekki skemmd með geldu hugarfari og jarðýtum þess
Top of Form Thu at 3:22pm · Comment · Like · Report
Helga Guðrún Eiríksdóttir, Ingibjörg Magnadóttir and Steinunn Thordardóttir like this.

Bréf þetta hef ég skrifað í samráði við lögmann minn Dögg Pálsdóttur hæstaréttarlögmann - og mun hún gæta hagsmuna minna ef í hart fer.